

Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (reglugerð EB Nr. 1907/2006 REACH)

1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

1.1 Vörukenni:	Ryðleysir grafit 400ml		
Vörunúmer:	be051646		
1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:	Viðeigandi notkun Ryðleysir í úðabrusa.		
	Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.		
1.3 Söluaðili:	Fálkinn	Framleiðandi:	Albert Berner Deutschland GmbH
	Dalvegur 10-14		Bernerstrasse 4,
	201 Kópavogur		D-74653 Kuenzelsau, Þýskalandi
Sími:	540 7000		00-49-79401210
Netfang:	falkinn@falkinn.is		info@berner.de
Veffang:	www.falkinn.is		www.berner.de
1.4 Neyðarsímanúmer:	Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.		

2. Hættugreining

2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum	Eldf.úðæfni 1
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun	Úðabr. 1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H336	Getur valdið sljóleika eða svima	SEM-VES 3
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv.eit.á vatn 3

2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki:



Viðvörðunarorð:

HÆTTA

Hættusetningar

H222	Úðabrusi með afar eldfimum efnum
H229	Þrýstihylki: Getur sprungið við upphitun
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H412	Skaðlegt lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
EUH066	Endurtekin snerting getur valdið þurri eða sprunginni húð

Varnaðarsetningar

P102	Geymist þar sem börn ná ekki til
P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. - Reykingar bannaðar
P211	Má ekki úða á opinn eld eða annan hita- og neistagjafa.
P251	Þrýstihylki: Ekki má gata eða brenna hylki jafnvel þótt þau séu tóm.
P261	Gætið þess að anda ekki inn úða/gufu/ýringi.

P280 Notið hlífðarhanska.
P312 Hringið í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni ef lasleika verður var
P410+P412 Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C.



Inniheldur: Vetniskolefni, C6, ísóalkanar, <5% hexan

Sprengihætta við upphitun.
Getur myndað sprengifimar blöndur með lofti, sé loftræsting ófullnægjandi.

2.3 Aðrar hættur: Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.
Sjá einnig 11. og 15. lið. (**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

3.1 Efni: Á ekki við

3.2 Blöndur:

Vetniskolefni, C6, ísóalkanar, <5% hexan			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119484651-34-XXXX	Innihald %	10 - < 20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	F, Xi, Xn, N
EINECS, ELINECS	931-254-9	H-setningar	H11, H38, H51, H53, H65, H67
CAS	64742-49-0	Flokkun, hættumerking	Eldfimt, Ertandi, Hættulegt heilsu, Hættulegt umhverfinu
Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)			
Eldf.vökvi 2 - H225 , Eit.v.ásvelg. 1 - H304 , Hüðert.2 - H315 , SEM-VES 3 - H336 , Langv.eit.á vatn 2 - H411			

Annað:
Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið. Takmörkunarfæribreytur í 8. lið.

4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

Almennt Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opinn. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hliðarlegu og leita lækni. Við öndunarstopp skal beita viðeigandi öndunarbúnaði.

Innöndun Tryggið ferskt loft. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótt. Meðhöndlun eftir einkennum.

Snerting við húð Hreinsið húð strax vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó, og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni verði vart við ertingu.

Snerting við augu Skolið varlega með miklu vatni og haldið augum vel opnum. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon. Leitið lækni ef nauðsyn krefur, sýnið öryggisblaðið.

Inntaka Hreinsið munn vandlega með vatni. Leitið strax lækni. Framkallið ekki uppköst. Ásvelgingarhætta. Haldið höfði lágt við uppköst þannig að efnið berist ekki í lungu. Reynið aldrei að koma nokkru ofan í meðvitundarlaust fólk.

4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Sjá lýsingu í lið 11. Birtingu einkenna getur seinkað um allmargar klukkustundir.
Einkenni: Affitun húðar, höfuðverkur, svimi, innöndun gufu getur valdið vímuáhrifum, ógleði, uppköst, áhrif á miðtaugakerfi, samhæfingarskortur, meðvitundarleysi.

4.3 Upplýsingar um tafarlausa lækniúmmönnun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

5.1 Slökkvibúnaður:

Hentugur slökkvibúnaður: Koldíoxíð, slökkviduft, alkóhólþolin froða, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða.
Óhentugur slökkvibúnaður: Beinn vatnsgeisli.

5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Sprengihætta við upphitun. Gufa er þýngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuvöldum.

5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Forðist innöndun gufu og reyks við bruna. Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarútskipting við mikinn eldsvoða. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6.lið og fargjö skv. 13.110.



6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu. Rýmið mengað svæði. Fjarlægið alla hita,- eld- og neistagjafa. Reykið ekki. Gufa er þyngri en loft, forðist lágt liggjandi rými, svo sem kjallara. Varan getur myndað hálkubletti.

6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka sé það unnt án áhættu. Forðist losun í niðurföll, jarðveg og vatnsumhverfi. Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Við losun gufu skal tryggja góða loftræstingu. Gerið varnargarða og notið óbrennanleg ísogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg. Setjið í þar til gerð ílát og fargjö sbr. 13.lið. Eld- og sprengifimar blöndur með lofti geta myndast.

6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

7. Meðhöndlun og geymsla

7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun, inntöku og snertingu við húð og augu. Reykið ekki. Fjarlægið eld- og neistagjafa. Forðist hátt hitastig og úðið ekki á heita fleti. Sprengifimar blöndur með lofti geta myndast. Notið ekki í lokuðum rýmum. Losið ekki í niðurföll. Fylgið notkunarleideiningum. Gufa getur legið með gólfi, tryggið einnig loftræstingu þar.

Gætið hreinlætis við meðferð efnavara. Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, öndunarbúnað, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið ekki á gönguleiðum eða stigum. Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum og eldvörðum stað. Gufa er þyngri en loft og getur legið með gólfi. Gólf ætti að vera leysiefnaþolið. Geymið fjarri eldfimur og sjálfstendandi efnum.. Forðist hátt hitastig (>50°C), beint sólarljós, opinn eld og aðra íkveikjuvalda.

7.3 Sértek, endanleg notkun:

Sjá lið 1.2

8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

8.1 Takmörkunarfæribreytur:

Efni:	8 klst ppm	8 klst mg/m3	Þakgildi 15mín ppm	Þakgildi 15mín mg/m3	Annað
Vetnskolefni, C6, ísóalkanar, <5% hexan		800			WEL
Bútan	600	1450	750	1810	WEL
Própan	1000				WEL
Ísóbútan	1000				WEL

WEL = Work Exposure Limit - Langtímamörk váhrifa (8 klst/dag).

8.2 Váhrifavarnir:

Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Hreinsið húð vandlega (andlit, hendur, handarkrika) eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnskól og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

Persónuhlífar
Augnhlífar
Húð - hendur

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hlífðarvörn. (EN166)
Notið efnapólna hlífðarhanska úr nítrílúmmíi. (EN374, >=0,5 mm, gegnstreymistími >400 minn).
Notið hanska ekki lengur en 50% af uppgefnum gegnstreymistíma. Notið verndarkrem á hendur.
Athugið leiðbeiningar framleiðanda og gegnstreymistíma hanska. Skiptið oft um hanska.
Mælt er með notkun langerma leysiefnahelds vinnufatnaðar og öryggisskófátnaðar. (EN20345).
Sé loftræsting ófullnægjandi, notið viðurkennda öndunargrímu með síugerð A2 P2. (EN14387)
Athugið takmarkanir á notkunartíma búnaðar.



9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Vökvi (aerosol)
Lykt: Einkennandi
Litur: Svartur
Blossamark: -60°C
Tendrunarmark: 510°C
Lægri sprengimörk í lofti: 1,4%
Hærri sprengimörk í lofti: 32,0%
Gufuprýstingur (20°C): 4000 hPa
Eðlismassi við 20°C: 0,701 g/cm³
Leysanleiki í vatni: Óleysanlegt
Sprengifimi: Varan er ekki sprengifim, getur myndað eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Oxandi eiginleikar: Nei

9.2 Aðrar upplýsingar:

10. Stöðugleiki og hvarfgirni

10.1 Hvarfgirni:

Varan hefur ekki verið prófuð.

10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður.

10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Möguleg uppsöfnun eld- og sprengifimrar gufu.

10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, opinn eldur og aðrir íkveikjuvaldar, stöðurafmagn. Sprengihætta við upphitun.
Þrýstihylki: Hlífið við sólarljósi. Hlífið við hærri hita en 50 °C. Ekki skal gata eða brenna brúsa eftir notkun.

10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna geta myndast: kolefnisoxíð, eitraðar gufur, eld- og sprengifimar blöndur með lofti.
Sprengihætta við upphitun. Gufa er þyngri en loft og getur borist með gólfi að íkveikjuöldum.

11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

Vetniskolefni, C6, ísóalkanar, <5% hexan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrif, inntaka	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, ísog um húð	LD ₅₀	>2000	mg/kg	rotta	
Bráð eiturrif, innöndun	LC ₅₀	>5	mg/m ³	rotta	
Húðæting/erting		Ertandi			
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt			
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt			
Ásvelgingarhætta		Já			
Einkenni	Meðvitundarleysi, höfuðverkur, svimi, sljóleiki, erting í slímhúðum, truflanir á hjarta og æðakerfi, vanlíðan, uppköst, höfuðverkur, magaverkir.				

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, kal, erting í slímhúðum, krampi, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Bútan					FÁLKINN ÍSMAR
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athug:
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.				

Ísóbutan					
	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturrhif, innöndun	LC ₅₀	658	mg/l/4 klst	rotta	
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			OECD 471
Einkenni	Skortur á samhæfingu, öndunarerfiðleikar, svimi, meðvitundarleysi, hjartsláttartruflanir, höfuðverkur, krampi, vímuáhrif, svimi, vanlíðan, uppköst.				

12. Vistfræðilegar upplýsingar

12.1 Eiturhrif:

Ryðleysir grafit 400ml					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Dreifanleiki	Efnið er fremur rokgjart.				

Vetniskolefni, C6, ísóalkanar, <5% hexan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LC ₅₀	2,5 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EC ₅₀	1-10 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	ErC ₅₀	1-10 mg/l	72 klst	Þörungar	
Þrávirkni og niðurbrot		Brotnar niður			
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	4-5,1			

Bútan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,98			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

Própan					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Uppsöfnun í lífverum	LogPow	2,28			Uppsöfnun ekki líkleg
Mat á PBT / vPvB					Flokkast ekki sem slíkt

13. Förgun

13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

Vara

Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir sem best.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

14 06 03 (úrgangsmálning og -lökk sem í eru lífrænir leysar eða önnur hættuleg efni)

16 05 04 (aðrir leysar og leysablöndur)

Óhreinar umbúðir

Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Gatið ekki eða skerð í tæmdar umbúðir.

Skv. reglugerð nr. 184/2002 um skrá yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:

15 01 04 (málmumbúðir)

15 01 10 (umbúðir sem innihalda leifar hættulegra efna eða eru mengaðar af þeim)

14. Upplýsingar um flutninga

ADR:

UN Númer 1950
 Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
 Hættuflokkur: 2.1
 Þökkunarflokkur: -
 Hættuundirflokkur: 5F
 Jarðgangaflokkur: D
 Mengunarhætta: Já

Varúðarmerking



IMDG:
UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS
Hættuflokkur: 2.1
EmS: F-D, S-U
Pökkunarflokkur: -
Mengunarhætta: Já



IATA:
UN Númer 1950
Efnisheiti v. flutninga: AEROSOLS, FLAMMABLE
Hættuflokkur: 2.1
Pökkunarflokkur: -



15. Upplýsingar varðandi regluverk

15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Sjá lið 2, varðandi flokkun og merkingu. Reglugerð EB Nr. 1907/2006, Viðauki XVII.
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP).
VOC (EB 1999/13) 348 g/l

15.2 Efnaöryggismat:

Efnaöryggismat hefur ekki farið fram.

16. Aðrar upplýsingar

Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H225	Mjög eldfimur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H336	Getur valdið sljóleika eða svima
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

Útgáfa/Dags: 1/17.05.2016

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi.

Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda.

Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

Frumheimild:

ALBERT BERNER DEUTSCHLAND
SICHERHEITSDATENBLATT gemaess Verordnung (EG) No 1907/2006, Annex II
51646 RUST REMOVER GRAPHITE 400ML

Útgáfa: 19.01.2011 Útgáfa 0004

Kemur í stað: 30.06.2009 Útgáfa 0003